

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd  
allt að 15 metrum nr. 592/1994, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Á eftir lokamálslið í gr. 1.2 kemur eftirfarandi:

Siglingastofnun Íslands er heimilt að krefjast hallaprófunar og stöðugleikagagna fyrir báta, sem smíðaðir voru fyrir 1. maí 1985. Siglingastofnun Íslands er jafnframt heimilt að krefjast sérstakra stöðugleikamarka fyrir þessa báta, en þeir skulu þó að lágmarki uppfylla eftirtalin stöðugleikamörk:

- a) Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterradianar að 30° hallahorni við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í V-3.
- b) Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í V-3, nema í ísingartilvikinu, þar sem Siglingastofnun Íslands getur heimilað lægri byrjunarmálmiðjuhæð.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun þessara báta.

### 2. gr.

Á eftir lokamálslið í gr. 1.4 kemur eftirfarandi:

Breytingar á bátum, sem smíðaðir voru fyrir 1. maí 1985, eru óheimilar, nema stöðugleiki þeirra eftir breytingu aukist frá því sem hann var fyrir breytingu. Stöðugleiki þarf þó ekki að vera meiri en skv. V-3. Ef breytingin telst meiriháttar, svo sem ef gerð er breyting á bol báts, sem áhrif hefur á hydrostatískar boglínur eða jafnhallaboglinur, er hún óheimil, nema stöðugleiki eftir breytinguna uppfylli stöðugleikamörk skv. V-3.

### 3. gr.

Við 1. gr. bætist gr. 1.7, er orðast svo:

- 1.7 Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá stöðugleikamörkum í V-3, ef stöðugleiki bátsins er á annan hátt nægjanlegur eða verksvið bátsins á einhvern hátt takmarkað. Undanþágan skal vera skrifleg og rökstudd. Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun báta sem fá undanþágu skv. þessari grein.

### 4. gr.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, 1. gr. a. er orðast svo:

#### 1.a. Ákvæði til bráðabirgða.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita bátum, sem smíðaðir voru 1. maí 1985 eða síðar, tímabundna undanþágu frá stöðugleikakröfum skv. V-3. Óheimilt er að veita slíka undanþágu bátum, sem eru smíðaðir eða innfluttir eftir 31. desember 1997 eða sæta breytingum eftir þann tíma. Undanþágan er háð því skilyrði að uppfyllt séu eftirtalin lágmarksstöðugleikamörk:

- a) Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterradianar að 30° hallahorni við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í V-3.

b) Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m við öll hleðslutlík, eins og þau eru skilgreind í V-3, nema í ísingartilvikinu, þar sem Siglingastofnun Íslands getur heimilað lægri byrjunarmálmiðjuhæð.

Undanþága sem veitt er skv. þessari grein gildir aldrei lengur en til þess tíma er haffærisskírteini rennur út eftir 31. desember 1999. Eftir þann tíma fellur undanþágan niður og skal útgáfa haffærisskírteinis til báta, sem slíka undanþágu hafa fengið, vera háð því að bátarnir uppfylli stöðugleikakröfur skv. V-3.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun þeirra báta sem fá undanþágu skv. þessari grein.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 7. janúar 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, skv. heimild í 2. mgr. 13. gr. sömu laga, sbr. a. lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og 66. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. janúar 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*